Kæra Lýðheilsu- og íþróttanefnd,

Bogfimifélagið Boginn vill í fyrsta lagi þakka fyrir vel heppnað Íslandsmót síðasta sumar sem haldið var í Fagralundi og myndum við vilja halda áfram þar og viljum við því sækja um að halda eftirfarandi Íslandsmót sem verða haldin sumarið 2026:

20. júní og 21. júní - Íslandsmeistaramótið í Bogfimi
27. júní - Bikarmót BFSÍ 1
8. ágúst og 9. ágúst - Íslandsmót Ungmenna
16. ágúst - Bikarmót BFSÍ 3

Þar sem trélínan í Fagralundi og hólarnir henta vel til að ekki þurfi að gera of miklar öryggis ráðstafanir, en eins og er sýnt hér fyrir neðan á myndinni þá myndum við vera skjóta til austurs og ekki verið að nota fótboltavöllinn sem er merktur þar.



Aðeins aukalega þyrftum aðgengi að salernum og rafmagni fyrir keppendur og starfsfólk.

Myndum við halda áfram að vinna með fólkinu í Fagralundi sem hjálpaði okkur mjög mikið í sumar og vonumst til að geta haldið því góða samstarfi áfram.

Kveðja,
Stjórn BF Bogans

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026